

From: [Valborg Hlín Guðlaugsdóttir](#)
To: [Guðný Bára Jónsdóttir](#)
Subject: Svar við fyrirspurn
Date: Tuesday, May 16, 2023 3:36:43 PM
Attachments: [image001.png](#)

Sæl

Ég fékk senda til mín fyrirspurn, sem Heimir Snær sendi inn,

Svar við fyrirspurn íbúðaráðs Laugardal um leikskólamál í hverfinu.

Samkvæmt skiptingu leikskóla í dag má segja að leikskólar í Laugardal, Háaleiti, Bústöðum og Fossvogi séu eitt leikskólahverfi því þeir tilheyra allir leikskólahluta SFS í Norðurmiðstöð. Þó er ekki talað um skólahverfi fyrir leikskóla eins og rætt er um grunnskóla. Samkvæmt innritunarreglum borgarinnar geta foreldrar sótt um í öllum leikskólum borgarinnar óháð búsetu eina skilyrði til að fá pláss þarf lögheimili barnsins og föst búseta þess að vera í Reykjavík.

Alls eru 87,6% barnanna í leikskólum borgarinnar (að leikskólanum á Kjalarnesi undanskyldum) í leikskóla sem er innan skilgreindra marka borgarhluta (ekki eru til skilgreind skólahverfi fyrir leikskóla) – í Laugardalnum eru 84,8% barnanna með lögheimili í Laugardalnum en þess fyrir utan eru 5,6% með lögheimili í borgarhlutanum Háaleiti-Bústaðir sem er því fólk í næsta nágrenni. Þannig að 90,4% barnanna sem sækja leikskóla í Laugardalnum búa í næsta nágrenni:

Hlutfall bara sem eru með lögheimili innan skilgreinds borgarhluta:

Árbær	85,0%
Breiðholt	96,1%
Grafarholt	90,4%
-Úlfarásdalur	
Háaleiti – Bústaðir	84,4%
Hlíðar	76,2%
Laugardalur	84,8%
Miðborg	65,9%
Vesturbær	90,4%

Endilega láttu mig vita ef þetta er ekki fullnægjandi svar.

Kær kveðja

Valborg Hlín

Valborg Hlín Guðlaugsdóttir (Hún/She), fagstjóri leikskóla í Norðurmiðstöð

Skóla og frístundadeild Norðurmiðstöðvar

Efstlaeiti 1, 105 Reykjavík, sími: +354 411-1500 GSM: + 354 6939821

valborg.hlin.gudlaugsdottir@reykjavik.is <https://reykjavik.is/leikskolar>



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.